



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. Viðars Helgasonar, sérfræðings
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík 5. nóvember 2015

1510177SA KB/km
Málalykill: 060

Efni: Tilnefning í starfshóp um ábyrgð lífeyrisskuldbindinga ríkis og sveitarfélaga vegna samrekstrar o.fl.

Vísað er til erindis fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 20. október 2015, tilv. FJR14100097/9.5, þar sem óskað er eftir tilnefningu frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga í starfshóp um ábyrgð lífeyrisskuldbindinga ríkis og sveitarfélaga vegna samrekstrar o.fl.

Samband Íslenskra sveitarfélaga tilnefnir Regínu Ásvaldsdóttur, bæjarstjóra á Akranesi, Dan Jens Brynjarsson, fjármálastjóra Akureyrarbæjar, og Birgi Björn Sigurjónsson, fjármálastjóra Reykjavíkurborgar í starfshópinn.

Gert er ráð fyrir að þeir fulltrúar sem tilnefndir eru í nefndir, ráð og stjórnir af hálfu sambandsins vinni á grundvelli stefnumörkunar þess sem er á heimasíðunni www.samband.is og hagi störfum sínum í samræmi við hana eins og við getur átt.

Tengiliður sambandsins við fulltrúa þess í starfshópnum er Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, auk þess mun sambandið kalla saman samráðshóp með fulltrúum sveitarfélaga til að styðja við störf fulltrúanna í starfshópnum. Sambandið óskar eftir að fá sent afrit af skipunarbréfi ráðherra.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

AKRANESKAUPSTAÐUR					
Skj.nr.	0.6	Mótt. af	620	Mótt. dag	06 NOV. 2015
Áb.m.	RA	Úrv.aðili	RA	Afrit	RA/St.A
Símtal		Fölvup.		Fax	
Trún.mál		Fskj.			
Málsnr. Öng.	-1511/20				

Afrit: Regína Ásvaldsdóttir, kt. 300660-3989, Akraneskaupstaður, Stílholti 16-18, 300 Akranes, baejarstjori@akranes.is
Dan Jens Brynjarsson, kt. 170160-5849, Akureyrarkaupstaður, Geislagötu 9, 600 Akureyri, dan@akureyri.is
Birgir Björn Sigurjónsson, kt. 200249-2169, Reykjavíkurborg, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, bbs@reykjavik.is



Samband íslenskra sveitarfélaga
Hr. Karl Björnsson, framkvæmdastjóri
Borgartún 30
105 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 20. október 2015

Tilv.: FJR14100097/9.5

Efni: Tilnefning í starfshóp um ábyrgð lífeyrisskuldbindinga ríkis og sveitarfélaga vegna samrekstrar o.fl.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur ákveðið, í samræmi við tillögu samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga (Jónsmessunefndar) frá 29. október 2014, að skipa starfshóp í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, sem hefur það hlutverk að meta ábyrgð lífeyrisskuldbindinga sem myndast hafa í opinberum lífeyrissjóðum vegna samrekstrar ríkisins og sveitarfélaga.


Starfshópnum er ætlað að greina og gera tillögu að heildstæðum uppgjörum milli aðila. Jafnframt verði lagt mat á lífeyrishækkanir sem greiddar hafi verið vegna ábyrgðar launagreiðenda og greiðslur vegna bakábyrgðar uppreiknaðar á sambærilegan hátt til uppgjörs. Eins verði farið yfir forsendur flutnings réttinda milli lífeyrissjóða sveitarfélaga og ríkisins og ábyrgð vegna þeirra.

Í nefndinni munu eiga sæti 3 fulltrúar skipaðir af fjármála- og efnahagsráðherra annars vegar og 3 fulltrúar skipaðir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Áætlað er að nefndin ljúki störfum eigi síðar en 31. desember 2016.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið óskar hér með eftir að þér tilnefnið fulltrúa í nefndina. Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang, netfang og vinnustað fylgja. Tilnefningar sendist til Viðars Helgasonar sérfræðings í fjármála- og efnahagsráðuneyti sem mun stýra starfshópnum.

Ráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í nefndinni.

Fyrir hönd ráðherra


Guðmundur Arnason


Sigurður H. Helgason

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	
Mál nr.	1510177JA
Móttækið daga	22. OKT. 2015
Brefaflak nr.	060